

Berglind Rós Magnúsdóttir

Samtal um tilfinningar

Þáttastjórnendur: Ævar Kjartansson og Torfi H. Tulinius

Um tilfinningar, samfélag og markaðsvæðingu ástarinnar

Viðmælandi: Berglind Rós Magnúsdóttir, dósent í uppeldis- og menntunarfræði og formaður Hins íslenska ástarrannsóknafélags
Útsending á Rás 1 þann 3. maí 2020 klukkan 9

Inngangur

Kynning – T: Berglind Rós Magnúsdóttir er dósent í uppeldis- og menntunarfræðum við Háskóla Íslands. Hún lauk meistaraþrófi í þeirri grein frá Háskóla Íslands árið 2003 og doktorsþrófi frá Cambridge-háskóla í Bretlandi 2013. Hún hefur komið víða við. Hún hefur verið grunnskólakennari, var aðstoðarmaður menntamálaráðherra um skeið, jafnréttisfulltrúi Háskóla Íslands en frá 2013 hefur hún verið lektor og síðar dósent á menntavísindasviði skólans. Berglind hefur skrifað mikinn fjölda greina og bókarkafla um mennta- og samfélagsmál sem hún nálgast gjarnan frá sjónarmiði félagsfræðinnar. Hún hefur ekki síst leitað í smiðju félagsfræðingsins Pierre Bourdieu sem setti fram merkar kenningar um það hvernig félagsleg staða mótar skynjun, smekk og almenna sýn á lífið og tilveruna.

Félagsfræði tilfinninga

T: En hvað með tilfinningar? Við höfum séð í þessum þáttum að tilfinningar eru í senn líkamlegar og sálrænar. Þær eru í raun merkileg afurð af samspili líkama skyni gæddrar veru, þ.e. okkar, og þeirrar merkingar sem við leggjum í þær. Og raunar erum það ekki bara við sem búum til þessa merkingu, heldur menningin sem við tilheyrum. Við túlkum tilfinningar okkar eins og menningin okkar hefur kennt okkur að gera það í aldanna rás. Því geta sagnfræðingar og bókmenntafræðingar, ekki síður en sálfræðingar, sagt okkur heilmikið um tilfinningar okkar. En félagsvísindafólk? Hefur það eitthvað til málanna að leggja? eru tilfinningar líka félagslegar?

B: Já heldur betur, og ég myndi segja að félagsfræðin sé gríðarlega mikilvæg fræðigrein til þess að skilja tilfinningar. Og sumir segja að félagsfræðin sé sú

fræðigrein sem afbyggir rómantik, afbyggir mystíkina af því þetta fer allt í að reyna að skilja hversu miklar hópsálir við erum, að tilfinningar eru ekki jafn einstakar og við höldum. Þær eru tengdar uppruna okkar, kyni, stétt, stöðu o.s.frv. Þannig að sumir segja að félagsfræðin beinlínis taki af okkur einstaklingseðlið.

T: Sjálfræðið þá?

B: Nei, ja sko að við fáum ekki að vera þessir einstöku, dásamlegu einstaklingar í friði fyrir félagsfræðinni.

T: Við erum bara knúin áfram ...

Æ: Við séum í raun rollur í réttum ...

B: Ég segi það ekki, en sem sagt félagsfræðin hefur líka þann eiginleika að pirra fólk. Ég tala nú ekki um þegar maður fer að setja hana í samhengi við tilfinningar, af því við viljum trúna því að tilfinningar okkar og ákvarðanir séu einstakar. En svo þegar við förum að rýna í félagsfræðina þá sjáum við t.d. breytingar á samfélagsgerð sem móta hugsun okkar og ákvarðanir, t.d. um sambönd og hjónabönd, um barneignir, meðaltal barneigna hefur dregist mjög saman í okkar markaðssamfélagi og við höldum að það sé algjörlega frjálst val, hvað við eignumst mörg börn, en í rauninni er það félagslegur þrýstingur, stofnanir samfélagsins, sem í rauninni móta það val, ekki síst.

T: Já þannig að fólk eins og ég sem er fætt um eða upp úr miðri síðustu öld, sem er gjarnan úr svona 5–6 barna fjölskyldum og eigum sjálf kannski 2–3 börn og síðan næsta kynslóð á eftir, þetta er ekki af því við völdum þetta, af því við höfum meira frelsi, eða minna frelsi, þetta eru einhvers konar félagsleg öfl sem hafa mótað það?

B: Já og ekki síst ráðandi hugmyndir um mæðrun og feðrun og móður-eðlið. Núna snýst krafan um að mega velja að eignast ekki börn sem hefði verið óhugsandi fyrir 30–40 árum síðan, þannig að við markerumst ofsalega mikið af samfélagsgerðinni á þeim tíma sem við lifum og félagsfræðin er einmitt upplögð til að varpa ljósi á það. Já, þannig að hlutir eins og að taka ákvarðanir, í því felast miklar tilfinningar, og þær eru einmitt eins og ég segi, ekki síst félagslegar. Þær eru ekki bara sálrænar.

T: Það er einmitt eitt af því sem kom fram sérstaklega þegar við vorum að tala við taugasálfræðinginn fyrir nokkrum vikum síðan en ákvarðanataka er einmitt tilfinningaleg, hún er ekki byggð á köldu mati, en þú segir að þetta val okkar sé skilyrt af félagslegum öflum ekki síður en sjálfræði einstaklingsins?

B: Já, og í kapítalísku samfélagi þá snýst svo stór hluti af okkar veruleika um að hámarka upplifun. Skapa hámarksvirði fyrir tilfinningaupplifun.

T: Fá hámarksarð af sinni fjárfestingu?

B: Já.

Æ: Það er græðgi líka á þessu sviði?

B: Græðgi upplifunarinnar. Og þetta er orðin óbein krafa, eitthvað sem að, ja, amma mín og afi hefðu aldrei gert kröfu um, þannig séð. En þetta veldur

líka ákveðinni streitu. Ertu örugglega að upplifa það besta? Ertu örugglega að hámarka virði þitt, auðmagn þitt í því samfélagi sem þú ert að hrærast í?

T: Ef við horfum á þetta núna í ljósi þessara vikna sem við höfum verið að upplifa, þar sem allt hefur einhvern veginn hægst og róast niður í samfélaginu, fólk hefur verið næstum því lokað inni á heimilum sínum og ekki verið að upplifa eins margt. Getum við þá horft á hið svokallaða eðlilega ástand út frá þessu, allir eru að reyna að hámarka upplifunina ...

B: En það verður einmitt rólegra af því það veit að það er enginn annar að upplifa eitthvað, allt róast niður, það er miklu erfiðara að upplifa rólegheit í samfélagi sem er drifið áfram af þessum gildum sem ég nefndi áðan.

T: Þannig að þú ert að segja að þetta markaðssamfélag sem við búum í, við getum kallað það kapítalískt samfélag eða frjálslynt samfélag með frjálsum markaði, er búið að taka yfir, er ekki bara með vörur sem fara á milli manna heldur er kapítalisminn búinn að seilast inn á svið tilfinninganna.

B: Á tilfinningasviðið, klárlega, og auðvitað er það mjög mikilvægt að ég segi það strax í upphafi, því ég mun verða talsvert gagnrýnin á nútímasamfélagið, að þá er ég ekki að sýta endilega það sem var, því að, eins og segir svo haganlega í *Astarmeistararum* (eftir Oddnýju Eir): „Þegar æðsta kvenímyndin var eiginkonan sem í skjóli og skugga manns síns lifði í kyrrþey fjarri opinberum vettvangi. Eiginkonan átti að vera eins og nagli í vegg heimilisins. Föst. Henni var bægt frá menntun og atvinnustarfsemi.“ Ég vil ekki fara þangað þótt ég sé að gagnrýna ýmislegt sem varðar nútímann og tengsl fólks í nútímanum. Þá hafa sem sagt þessar femínísku byltingar síðustu áratuga fært okkur mjög margt en það er hins vegar mörgum spurningum ósvarað. Líka hvernig þessar femínísku byltingar, þ.e. hvernig afleiðingar þeirra hafa mótast af markaðssamfélaginu og hafa í rauninni mótast meira af því að konur megi vera eins og karlar, frekar en öfugt.

T: Að karlar megi vera eins og konur?

B: Já, af því við upphefjum alltaf karlmennskuna, og hið karllæga. Auðvitað hafa femínistar barist fyrir hvoru tveggja en af því við búum í karllægu samfélagi þá fær hitt miklu meira brautargengi. Konur sækja meira á hinn karllæga vettvang, konur temja sér skyndikynni og eitthvað sem karlar stunduðu fyrst og fremst áður sem er einhvers konar neytendavæðing á líkómum. Og þar sem þú ert ekki með tilfinningar í spilinu og þarna erum við komin inn á vettvang gagnkynhneigðra tengsla sem hafa gjörbreyst með þessum byltingum. Hverjir mega elska hvern, það hefur líka gjörbreyst. Ég fagna þessum byltingum en ég velti fyrir mér ...

Ástarkraftur og umhyggjuhagkerfið

T: En þá erum við komin inn í þessar ástarrannsóknir og þú ert formaður Íslandsdeildar ástarrannsóknafélaga og í grein sem margir hafa lesið og birtist á Kjarnanum og heitir *Umhyggjuhagkerfið og arðrán ástarkraftsins*

vitnarðu í íslenska fræðikonu sem hefur lengst af starfað í Svíþjóð, dr. Önnu Guðrúnu Jónasdóttur. Hún hefur búið til þetta fræðasvið, *Love Studies* á ensku, ástarrannsóknir, og er svolítið að máta tilfinningabúskapinn inn í marxíska hugsun, er það ekki?

B: Jú, hún notar einmitt kenningar Marx til að skilja af hverju það er enn þann dag í dag, þrátt fyrir allar þessar byltingar, jafnréttisbyltingar, að konur eru efnahagslega undirskipaðar körlum og hún telur í rauninni skýringuna vera þetta arðrán á ástarkrafti.

T: Arðrán á ástarkrafti. Þetta er svolítið ný hugsun. Ástarkraftur! Hvað er ástarkraftur?

B: Ja, sko, hún skrifaði heila doktorsritgerð um það og þróaði þetta hugtak þegar hún var að skoða gagnkynhneigð ástarsambönd. Hún taldi að það væri einhvers konar valdaójafnvægi í flestum ástarsamböndum en arðrán á ástarkrafti á sér stað þegar arðræninginn upplifir mjög aukna vellíðan, og miklu meiri velferð, yfirleitt á kostnað hins aðilans og miklu oft er það konur sem upplifa það, og það dregur úr þeim mátt til að standa undir alls kyns öðrum þáttum í samfélaginu.

T: Þannig að konan sér um tilfinningahliðina, við skulum tala um svona hið hefðbundna gagnkynhneigða hjónaband, þar er það konan sem heldur sambandi við börnin, huggar þau þegar þess þarf, er í sambandi við næstu kynslóð á undan, sér svona um tilfinningarnar, það fer heilmikil orka í það, kraftur.

B: Já, vinnur alla tilfinningavinnuna, meira og minna, sem er flestum nokkurn veginn ósýnileg, og ekki nóg með það, því það eru mjög margar konur sem vinna slíka tilfinningavinnu einnig í sínu opinbera starfi, eru kennarar, hjúkrunarfræðingar, og eru stöðugt að gefa af sér tilfinningalega.

T: Umönnunarstörf?

B: Já, þær sinna þeim í langflestum tilfellum þannig að þá erum við að tala um tvöfalt álag.

T: Þannig að það er ekki nema von að konurnar séu svolítið á eftir á vinnustaðnum í að afla tekna, komast áfram og upp þjóðfélagsstigann.

B: Svo er þessi ástarkraftur ekkert metinn á efnahagslegum vettvangi þannig að þeir sem hafa haft valdið til þess að skilgreina hvað er verðmæti í samfélaginu hafa ákveðið, mögulega ómeðvitað, að skilgreina ástarkraftinn ekki sem verðmæti.

Æ: Þannig að ástarkrafturinn, eins og þú skilgreinir þetta, hann fer víða, þú ert að tala um þetta sem við venjulega tölum um sem ást og yfir í umhyggju?

B: Já, sko, við getum náttúrulega talað um móðurást, við höfum það í íslenskunni, og svo erum við með rómantíska ást, og svo auðvitað má segja að við notum ástarkraft til þess að halda saman hópum. Öflugir stjórnmála-leiðtogar nota ástarkraft.

Æ: Já, þeir svona vekja tilfinningar.

B: Vekja tilfinningar, og samstöðuaflið sem við erum að sjá núna, er gott

dæmi um þriðja stigs umhyggjutengsl. Við getum skipt umhyggjutengslum í þrennt. Það eru þessi frumtengsl – tengsl við foreldra, maka og börn, og svo er það 2) vinir og vinnufélagar, og þriðju umhyggjutengslin er svo þessi samstöðuvinna sem við virðumst vera ofsalega rík af í íslensku samfélagi.

Æ: Sem er þá eiginlega nátengt gríska orðinu *Agape*,¹ ást sem skipar mjög veglegan sess í frumkristninni, einhvers konar félagslegur kærleiki.

B: Já, algjörlega, en svo get ég nefnt dæmi þar sem ástarkraftur er talinn beinast að óæskilegum aðilum, segjum bara pólitískum andstæðingum og ég get tekið dæmið þegar Katrín Jakobsdóttir hélt ræðu í afmæli Bjarna Benediktssonar, um hann sem bara, já góðan mann! Og hún var fordæmd fyrir það þannig að þú mátt ekki beina samstöðu- og ástarkrafti þínum að hverjum sem er. En svo sér maður núna í kófinu að við erum meira tilbúin núna en þarna til þess að sameinast og til þess að láta ekki pólitík eða uppruna fólks eða eitthvað slíkt ...

T: ... eða gamlar syndir ...

B: ... eða gamlar syndir endilega trufla okkur í þessu.

T: Já, þetta er mjög áhugavert og mig langar sem sagt, ástarrannsóknir eru félagsfræðilegar og jafnvel hagfræðilegar, svona í marxískum skilningi, þú segir að ástin, já, að það séu tilfinningatengsl sem myndi samfélag.

B: Já, sem ég kalla umhyggjuhagkerfið.

T: Já, þú kallar umhyggjuhagkerfið, er þessi sko, þessi harða markaðsstefna sem tók völdin hérna í vestrænu samfélagi, svona upp úr 1980, er hún ekki einmitt vegna þess að þetta fólk sem boðaði þessa markaðsstefnu trúði ekki að það væri til samfélag. Það eru einmitt fræg ummæli Margaretar Thatcher: „There is no such thing as a society“! Samfélagið er ekki til. En þú ert að segja að þessir hörðu markaðssinnar horfi framhjá tilfinningaþættinum, ástarkraftinum, sem heldur samfélaginu saman, er ósýnilegur, og þeir sem gefa þennan kraft af sér eru í raun undirskipaðir í samfélaginu og fá ekki að njóta ávaxtar erfiðis síns.

B: Nei, og allra síst í efnahagslegu tilliti. Ég skrifaði þessa grein í Kjarnann ekki síst til þess að vekja fólk til umhugsunar, akkúrat á þessum tíma, þegar við sjáum að umhyggjuhagkerfið allt í einu rís upp og gerir það að verkum að við komum ótrúlega vel út úr þessu ferli og vekjum athygli fyrir samstöðuna og þetta drifafl umhyggjunnar, sem hefur skort í mörgum samfélögum, þau eru mörg hver að kljást við mikla einmanakennd. Nú vitum við að einmanakennd er heimsfaraldur og ýmsir fræðimenn hafa bent á að hann sé einfaldlega fylgifygur markaðsvæðingarinnar þar sem við einhvern veginn metum virði fólks út frá mjög svona einföldum mælikvörðum og þeir eru mjög gjarnan efnislegir en ekki tengdir tilfinningum eða umhyggju.

T: Já, við berum virðingu fyrir þeim sem á tvo bíla og flott einbýlishús en ekki þeim sem kannski starfar á kvöldin fyrir Rauða krossinn.

B: Nei, eða, við virðumst eiga svolítið erfitt með að meta listir og menningu, svo ég nefni dæmi, sem nærir okkur tilfinningalega. En nú vitum við

samt að það sem hefur einmitt bjargað okkur í kófinu er einmitt að geta lesið, hlustað á tónlist og notið menningar, þannig að ég held að þetta sé allt saman áminning um hvað það er sem skiptir máli.

Æ: En af hverju heldurðu að það sé hér greiðari aðgangur að ástarkraftinum í umhyggjuhagkerfismerkingunni? Erum við þá ekki svona alveg gegnumskýrð af markaðshyggjunni, eða hvað?

B: Já, þetta er mjög góð spurning og þetta er einmitt eitt af þessum verðugu rannsóknarefnum sem *Hið íslenska ástarrannsóknafélag* þarf að takast á við. Hins vegar verður að segjast að meðlimir hafa verið of uppteknir við að sinna einhverju öðru en ástinni þannig að það eru aðrar rannsóknir sem hafa fengið styrki og passa betur í tannhjól markaðshagkerfisins þannig að þessum spurningum varðandi íslenskt samfélag hefur ekki verið kerfisbundið svarað en það sem við vitum er að fjölskyldutengsl hér eru sterkari en annars staðar, það er nánast enginn sem þekkir ekki einhvern úr ólíkum stéttum, þannig að framandleiki er minni en annars staðar, framandleiki milli fólks og hópa.

T: Þú talar um það í þessari grein sem við erum búin að nefna nokkrum sinnum að það sé svo mikil samstaða og ástarkraftur í konum og það minnir mig á það sem við Ævar vorum að tala um í fyrsta þættinum, sem er að Carol Gilligan, uppeldis- og menntunarfræðingur, bandarískur, sem hefur rannsakað karlveldið og hvers vegna karlveldið stendur föstum fótum ennþá í menningu okkar, þrátt fyrir áratuga langa baráttu femínista, og hún segir að ein af ástæðunum fyrir því sé bæling tilfinninga og þessi rofna tilfinningatengsl sem alltof margir verða fyrir og bitni sérstaklega á ungum drengjum. Drengir í kringum 7–8 ára aldur, þeim er kennt að bæla tilfinningar sínar og vera ekki tilfinningaverur. Er þetta kannski þessi munur sem þú dregur fram í greininni þinni, einmitt á samstöðukrafti kvenna og karla, er þetta eitthvað sem skiptir máli í þessu sambandi?

B: Já, þetta er mjög góður punktur og þetta er auðvitað m.a. lykillinn að því af hverju karlar sækja og njóta svona mikið góðs af tengslum við konur, djúptengslum, því þar geta þeir leyft sér, miklu frekar, að vera tilfinningaverur.

T: En mega það ekki þegar þeir eru þarna úti með hinum körlunum?

B: Jú jú, auðvitað, en það er svona á annan hátt og auðvitað þurfa þeir líka að halda uppi ákveðinni karlmennsku gagnvart konum, maður er hvergi frjáls, því að einmitt eins og Bourdieu benti okkur á þá er félagsfræðin aðal-tækið til að hjálpa okkur að skilja blekkinguna við frelsið.

Markaðsvæðing ástarinnar

T: En þú ert mjög gagnrýnin, heyrir mér, á kapítalismann og ég man að ég vaknaði til vitundar um þennan þátt kapítalismans fyrir svona 20 árum þegar skáldsaga sem hafði mikil áhrif á fólk, eftir franska rithöfundinn Michael Houellebeck var þýdd á íslensku, Friðrik Rafnsson þýddi hana og titillinn var

Öreindirnar, og undirliggjandi þema í þeirri skáldsögu er ástin, það hefur verið lögð alltof mikil áhersla á kynlíf, kynferðisleg samskipti í nútímamenningu og á sama tíma hefur hjónabandið veikt og fólk býr alltaf í færri, minni og minni einingum, fólk þ.a.l. einangrast hvert frá öðru, hjónabönd þola ekki þetta álag sem þessari kynlífskröfu fylgir og fólk skilur og verður einangrað en þetta er allt í þágu, í raun og veru, markaðarins. Því fleiri heimili ...

B: ... því fleiri ísskápar!

T: Því fleiri ísskápar og símar.

B: Og því uppteknari sem við erum af líkamanum þeim mun meiri neysla til að viðhalda honum því að líkaminn er auðvitað grunnforsenda kynlífs-væðingarinnar.

T: Það sem rann upp fyrir mér er að þessi kynlífsbylting sem var í alglymi þegar ég er unglingur. Í raun og veru var þetta svona, þeir sem að boðuðu hana voru fremur svona aulalegt handbendi kapítalismans.

B: Já, einmitt, ég veit ekki hvort ég eigi að fara að minnst strax hérna á Evu Illouz.

T: Já, er ekki bara komið að því?

B: Já, það er kannski bara komið að því, og hún var sem sagt bara núna á dögum að gefa út bók sem heitir *The End of Love* og þá hugsaði ég strax; bíddu, þurfum við bara að fara að leggja *Hið Íslenska ástarrannsóknafélag* niður?

T: Eva Illouz er fransk-ísraelskur félagsfræðingur sem hefur vakið mikla athygli núna undanfarin ár og hefur skrifað margar bækur ...

B: Já, og þetta er í rauninni síðasta bókin í 20 ára rannsóknarvinnu sem hún hefur stundað á ástinni og hún er allan tímann í öllum þessum bókum að velta fyrir sér hvernig kapítalisminn og nútímameningin hefur umbreytt tilfinningum okkar og rómantískum tengslum og hún spyr sig hvort við séum að yfirgefa kærleikann og umhyggjuna, og skuldbindingar ekki síst, vegna þess að markaðurinn, hann krefur þig alltaf um að velja það besta, þú mátt ekki vera skuldbundinn, en allt þetta; kærleikurinn og umhyggjan og skuldbindingin voru grundvöllur ástarinnar, voru grundvöllur tengsla og trausts. Þannig að nútíminn einkennist af sífelldu óöryggi, tilfinningalegu óöryggi, og við getum ekki lengur treyst á ævilöng störf, ekki á stöðugleika sambanda, ekki á stöðugleika í búsetu, bara yfirhöfuð ekki á stöðugleika. Nú veit ég að lífið er aldrei stöðugt en það voru ákveðnar stofnanir samfélagsins og ákveðin gildi sem tryggðu okkur alla vega meiri tilfinningastöðugleika. Það er að sjálfsögðu gaman að vera stöðugt á hreyfingu en á endanum er líklegt að okkur fari að svima og við missum áttaskynið. Þetta er akkúrat það sem hún er að skoða í þessari bók.

T: *The End of Love* – þetta er alveg hryllilegt, er það ekki?

B: Jú, ég verð alveg að viðurkenna það að mér finnst hún ansi hvöss, ansi svartstýn, og ég vil trúá því að einmitt í þessum norrænu velferðarsam-

félögum þá séum við ekki stödd á nákvæmlega sama stað en ég skynjaði samt mjög margt sameiginlegt.

T: Einmitt, ég hef aðeins kíkt í þessa bók og hún talar einmitt um val. Að frelsi til að velja sé ein af þessum blekkingum sem markaðssamfélagið hefur haldið að okkur og við verðum til sem einstaklingar af því valfrelsið gerir okkur að einstaklingum, og þetta er kannski komið út í öfgar í ástarmálum, í fyrirbærum eins og Tinder þar sem að, já, hvernig kemur það út?

B: Tinder er mjög gott dæmi um endalaus möguleika. Það eru 40 milljónir manna sem hafa farið inn á Tinder og dvelja þar, giftir og ógiftir, og það byggir svolítið á markaðslögmálinu, að halda öllum möguleikum opnum.

T: Tinder er svona stefnumótaforrit er það ekki? (Jú) Er á netinu, maður setur mynd af sér, svona prófíl, hver maður er, hvaða smekk maður er með, hvað manni finnst skemmtilegt að gera, og er þetta ekki líka svona einhver staðsetning, þannig að þú finnur fólk sem er í nágrenni við þig?

B: Jú, þarna er félagsfræðin nýtt. Þú setur inn upplýsingar um sjálfan þig og svo eru ákveðnir útreikningar gerðir, félagsfræðilegir útreikningar á því hverjir séu líklega mest spennandi fyrir þína týpu.

T: Þá hittirðu bara tvíburasál þína, eða hvað?

B: Ja, það er allur gangur á því. Auðvitað eru sumir sem finna bara drauminn þarna en þetta er líka bara mikið notað í kynlífsvæðingunni til þess að finna skyndikynni eða styttri sambönd o.s.frv. Þannig að, sko Eva Illouz segir að þetta að vera stöðugt að halda öllum möguleikum opnum og vera stöðugt að hugsa; „er ég örugglega að hámarka tilfinningalegt svigrúm mitt, mitt kapítal?“ það í raun afbyggir þróun á alvöru djúptengslum. Því meira að segja á meðan við dveljum í rómantísku tengslunum þá erum við einhvern veginn á vaktinni: „er ég örugglega að upplifa það besta?“ Jafnvel þótt maður sé ánægður, þetta er það sem markaðurinn vill, maður er aldrei búinn að uppfylla þarfirnar og hvort sem þær eru tilbúnar eða ekki, gerviþarfir eða raunverulegar, þá höfum við alltaf þessa tilfinningu. Þetta er alveg eins og með vörur eða þjónustu. Það er einmitt mjög skemmtileg tilvitnun í konu í bókinni hjá henni þar sem hún líkir þessu við útsölu. „Það eru allir að keppast við að finna eitthvað, þeir vita ekki alveg hvað, en eru mættir af því að það er útsala, þau vantar í sjálfu sér ekki neitt, eða vita ekki hvort þau vanti eitthvað, en þau ætla að gá að því, og yfirleitt kaupa þau eitthvað, af því það er ódýrt, en henda því líklega mjög fljótt á haugana af því það hafði ekkert langtímavirði.“

T: Þannig að þetta er bara eitt allsherjar kringlukast?

B: En þarna erum við auðvitað að tala um verstu mögulegu útgáfuna af því sem er í gangi, en þetta veldur svo miklum hraða og streitu, líka á meðan fólk er í samböndunum. Er þess virði að eyða tíma með þessari manneskju?

Æ: Þannig að í rauninni getur þetta eyðilagt ...

B: ... þróun og viðhaldi á djúptengslum.

Æ: Já, í rauninni gott samband, það getur orðið fyrir skaða vegna þess að menn eru að hugsa um aðra möguleika, hvernig gæti ég nú hámarkað ...

B: ... tilfinningalega upplifun mína.

T: Þetta er eins og að vera kominn upp í Toyota og hugsa; æ, hefði ég átt að kaupa Nizzan? Og það eyðileggur ánægjuna af því að keyra Toyota, svo maður yfirfæri þetta algjörlega á markaðinn.

B: Sko, krafan um óheft valfrelsi hefur endurmótað hugsunarhátt okkar. Að vera afelskaður er nýtt form á sjálfsveru.

Æ: Bíddu! Að vera afelskaður?!

T: Já, hún talar um þetta, hún Eva Illouz, útskýrðu þetta fyrir okkur. *Unlove*.

B: Sko, í gamla daga hafði val mjög skýr mörk, það var oft bara val milli tveggja kosta sem voru í nágrenninu þínu, en með alþjóða- og tæknivæðingunni verða til endalausir möguleikar. En val er, eins og þú nefndir áðan, svo mikið tengt því að móta eigið sjálf. Þú þarft að sýna að þú sért ekta, sért tilfinningalega þroskaður, að þú hafir sjálfstjórn, þú þarft að sýna fram á að þú hafir stjórn á lífi þínu, m.a. ástinni, þannig að afelskun er eitthvað sem við stundum.

T: Það sem þú ert að segja er í rauninni að markaðssamfélagið er búið að yfirtaka okkur og m.a. bara sjálfsmyndina okkar. Það er slagorð sem maður heyrir mikið núna: Vertu besta útgáfan af sjálfum þér. Já, auðvitað vill maður vera besta útgáfan af sjálfum sér. Hvernig verður maður besta útgáfan af sjálfum sér?

B: Sko, val er lykilorð kapítalismans og hefur núna í rauninni þróast í afval eða einskisval. Það þýðir að vera stöðugt að laga forgangsroðunina, að velja aldrei fyllilega neitt, til þess að hafa vaðið fyrir neðan sig. Skuldbinda sig aldrei í nein tengsl að fullu. Við sjáum þetta líka í sambandi við stjórn-mál eða efnahagsleg tengsl, pólitísk tengsl, eða rómantísk tengsl. Þannig að einskisvalið er nátengt þessum einbeittu útreikningum og mati í að lágmarka áhættu. Bara eins og á markaði.

T: Já, lágmarka áhættuna fyrir auðmagnið sitt.

B: Já, að spreða ekki ástarkraftinum í einhverja vitleysu, reyna að hámarka sjálfið án þess að tapa of miklu og hámarka munað eða nautnir, hámarka eigin framleiðni með því að fá (og jafnvel arðræna) ástarkraft og þetta eru svona hin jákvæðu lagafyrirmæli markaðarins, þ.e. að þú eigir að hámarka og skapa sjálfið þitt með réttu vali, vegna þess að þú ert fyrst og fremst dæmdur út frá því hvað þú velur, sem í rauninni ýtir á endanum undir þetta einskisval. Það er þá bara eins gott að sleppa því að velja. Það sem er einmitt mjög sláandi í bókinni hjá Evu var að þetta einskisval hefur dregið úr föstum samböndum hjá ungu fólki og jafnvel kynlífsiðkun. Ungu fólkið fer seinna og síður að stunda kynlíf með öðrum en er fyrst og fremst bara með netmiðlum og sjálfu sér.

T: Þannig að í rauninni veldur þessi áhersla á valið kvíða sem kemur í veg

fyrir að fólk myndi einhver tengsl við annað fólk, hvort sem það er á kynferðissviðinu eða tilfinningatengsl?

B: Já, þess vegna eru skyndikynninn ákveðin leið til að komast hjá þessari skilgreiningu á vali, en um leið og þú ert kominn í samband, þá er hægt að skilgreina þig, þá skilgreinir þú þig út frá sambandinu og aðrir. Það er náttúrulega tryggast að búa bara einn með uppþvottavélinni!

B: Já, en eins og ég segi, þá er þetta Eva Illouz sem er að tala í gegnum mig og hún setur upp mynd sem ég held að sé nú ekkert alveg komin hingað til lands.

T: Nei, en hún hefur líka gefið út fleiri bækur sem ég hef gluggað í og ein heitir einmitt Tilfinningar kapítalismans og þar tekur hún þetta meira svona sögulega og vekur athygli okkar á því að áður en kapítalíska samfélagið og neylusamfélagið verður svona alltumlykjandi, og þegar fólk er að draga sig saman, þá eru farvegir tilfinninganna, sem eru auðvitað líka skilgreindir af samfélaginu, þeir voru utan markaðar.

B: Já, þeir voru líka svo skýrir, farvegirnir, um hvernig þú ættir að haga þér í tilhugalífi, hvað væri viðeigandi fyrir þína stétt og þitt kyn. Nú erum við búin að afbyggja þetta allt saman.

T: Já, en það sem ég ætlaði að segja, farvegirnir voru kannski bréfaskriftir, samið ljóð, eins og Rómeó stóð undir svölunum og talaði fallega til hinnar heittelskuðu o.s.frv., en núna þegar maður ætlar að stofna til kynna við einhvern þá verður maður að neyta einhvers, þ.e.a.s. maður verður að taka upp veskið eða kreditkortíð. Ef mér líst vel á ákveðinn einstakling og vil stofna til nánari kynna þá þarf ég að bjóða honum út og svo þarf ég að senda honum blóm, eða henni, þannig að markaðurinn hefur smám saman tekið yfir tilfinningasambandið og þetta á ekki bara við um ástarsambönd heldur líka sambönd við börn, við aðra sem manni þykir vænt um, maður verður að gefa börnunum eitthvað til að sanna að manni þyki vænt um þau.

B: Já, það er þessi fullvissa um ást sem er bara mjög óljós. Fólk spyr sig, erum við komin í samband, eða erum við ennþá bara að hittast, eða erum við vinir, eða erum við elskendur? Og tilhugalíf í þessu formi sem þú ert að nefna, í formi bréfaskrifta, það hefur nánast horfið [yfurfærst yfir á messenger í einhverjum tilfellum] og kynlífið sett í öndvegi, og það mótar í rauninni inntak og formgerð tilhugalífsins. Þannig að þetta eru mjög miklar breytingar og fólk er svolítið, já margir eiga erfitt með að fóta sig í þessum óljósa veruleika þar sem ritúalið er ekki eins skýrt og í raun í stöðugri mótun og endurmótun. Ef við rifjum upp 18. og 19. öld, þá var tilhugalífið ... ég nefni bara þennan frábæra útvarpsþátt um ástir Krístrúnar Jónsdóttur frá Grenjaðarstað og Baldvins Einarssonar Fjölismanns frá Hraunum í Fljótum. Þau skrifuðust á árum saman og voru alltaf í tilhugalífi og þar var nánast engin snerting. Þetta væri óhugsandi í dag en ástin alltaf jafn sterk.

T: Þannig að ástin þarf ekkert endilega á kynlífinu að halda?

Æ: Sennilega sterkust í bréfum! En má ekki segja að það sem þú nefndir að

Það er búið að setja kynlífið efst og menn þurfa ekki að hafa neinar vöflur, menn bara vaða upp í rúm, er það ekki bara eins og aðallinn gat hegðað sér, ráðandi stéttir gátu hegðað sér áður, er ekki bara almenningur orðinn svona rosalega valdamikill? Hann getur hegðað sér eins og hann vill!

B: Það má líka alveg hugsa þetta þannig að þessi markaðsvæðing á ástarvettvanginum hafi gefið öllum aukið aðgengi að ástinni, en er ekki lengur bundið við óperurnar og Hollywood þar sem ástin ræður ríkjum, ást og kynlíf. Núna eiga allir að geta upplifað hámarksvirði ástar sinnar, en þá kemur Bourdieu til sögunnar og segir: „Nei, þú þarft að eiga peninga!“ og þú þarft að geta skapað tiltekna stemningu til þess að hámarka tilfinningalega upplifun.

T: Og það kostar pening.

B: Og það kostar pening.

T: Af því að maður þarf að vera áskrifandi að líkamsræktarstöð, þú þarft að vera álitlegur, líka þegar maður er kominn úr!

B: Og í þetta allt þarftu líka að hafa tíma og fólk sem er á almennum vinnu- markaði, fólk sem þarf bara að vinna mjög mikið, það er ekki alveg á sama stað í þessu öllu eins og elítan.

T: Þannig að markaðurinn er kannski að ganga af ástinni dauðri? Er það ekki það sem Eva Illouz er að segja?

B: Jú, hún gengur mjög langt í því, eins og ég segi, en svo er náttúrulega annað sem hefur breyst og það er fullvissan sem skapar þetta tilfinningalega öryggi í tengslum við sambönd. Hún hefur líka breyst vegna netheimsins og aðgengis að öllum heiminum og öllu fólki. Það var hægt að safna saman upplýsingum frá vinahópnum eða þorpinu; það var hægt að fá fullvissu um einhvern í gegnum orðróm. Búseta er ekki lengur þessi risabreyta til þess að útskýra fyrir okkur hverjir ná saman og hverjir ekki. Árið 1960 voru 3/5 allra hjónabanda sem urðu til milli fólks sem bjó á sama 20 blokka radíus. Nú erum við óbundnari stað og hópum.

T: En er það ekki samt svolítið óyfirstíganlegt að ég sé á netinu og bara kolfalli fyrir einhverjum sem býr hinum megin á hnettinum, hvernig ætla ég að gera þetta, komast í alvöru samband, sem sagt líkamlegt samband við þennan einstakling? Það alla vega kostar flugfar.

Æ: Þannig að netástir eru hugsanlega, þá er ég ekki bara að tala um að finna viðfang, heldur bara að upplifa eitthvað svipað og Krístrún Jónsdóttir og Baldvin Einarsson, sko þannig að það sé bara, að ástarlífið fari fram á netinu einhvern veginn, að þurfa ekkert á þessum skrokkum að halda.

B: En þarna kemurðu einmitt að mjög miklum kjarna málsins, að einu sinni var menningarkapítal gríðarlegur fengur inn í tilhugalífið; að geta verið rómántískur ...

T: Geta skrifað falleg sendibréf ...

B: ... já, og heillað með tungumálinu, en núna er það líkaminn.

T: Já, nú er það bara svona hversu vel þjálfaður, búinn að vera mikið í ræktinni. En mig langar ...

B: En nú megum við ekki alhæfa því auðvitað er fullt af fólki sem er ekki að hugsa svona; þetta er samt það sem er haldið að almenningi í gegnum markaðinn.

T: Ef ástarrannsóknafélagið fengi nú rannsóknarstyrki, hvað mynduð þið vilja fást við?

B: Það sem ég tel spennandi við Ísland og ástarrannsóknir á Íslandi er einmitt þetta mikla sjálfstæði kvenna og okkar öflugra velferðarkerfi, miklu öflugra heldur en velferðarkerfin hjá fólki sem Eva Illouz var að tala við. Við lifum á eyju þannig að við erum svolítið dæmd til að vera saman. Það skapar líka mjög mikla sérstöðu og það er auðvelt að fá á sig bæði góðan og slæman orðróm á tilteknu landsvæði hérna á Íslandi varðandi framkomu í tilhugalífi og samböndum. Og einnig út af þessu öflugra tengslaneti kvenna, sem við töluðum um áðan, þá held ég að þær séu ekki jafn mikil fórnarlömb hér eins og víða annars staðar þegar ástin er annars vegar. En þetta er bara tilgáta.

T: Já, tilgátan þín er sú að smæð og samheldni samfélagsins sé svona vörn gegn kröftum markaðshyggjunnar sem eru að sundra okkur og leysa ástina upp?

B: Já, þetta væri eitthvað sem mér þætti mjög áhugavert að skoða en svo kemur á móti að allt þetta sjálfstæði og þessi endalaus krafa um frama, hún er náttúrulega, hún byggir á mjög svona karllægum forsendum og það má um leið segja að ungar nútímakonur hafi tileinkað sér prinsipp markaðarins í ýmsu.

T: Hvað þær velja þá?

B: Já, og séu kannski jafnfærar um að aftengja sig tilfinningalega þegar þær hitta einhvern, því það er líka leiðin til að lifa af í markaðssamfélagi og ná árangri, en svo er auðvitað annað, því ég er auðvitað í uppeldis- og menntunarfræðinni og þess vegna finnst mér brýnt að við hugum að undirbúningnum fyrir þetta samfélag. Við þurfum að undirbúa fólk fyrir annars konar tilfinningalegan veruleika. Við þurfum að geta gleymt fortíðinni, við þurfum að geta lifað meira í núinu, við þurfum að verða sérfræðingar í að laga okkur að óryggi, við þurfum að kunna að lifa í óstopulungum tengslum, við þurfum að byggja upp hæfni til að hugsa og skipuleggja skammtímasambönd – eða þá að við bara hendum þessu! Og finnum upp eitthvað annað. Höfnunin hefur alltaf verið hluti af menningunni en nú á hún eftir að banka æ oftast upp á í lífi sérhvers einstaklings þannig að tilfinningaleg þrautseigja er eitthvað sem uppeldis- og menntakerfið þarf að huga að. Og svo aftur að fullnægjunni. Hversu mikla eða litla fullnægju er ákjósanlegt að sætta sig við – almennt í lífinu – þannig að þetta eru mjög siðferðilegar spurningar og ég held að við höfum ekki gefið þess háttar spurningum nægilegt svigrúm í okkar uppeldis- og menntakerfi ...

T: ... og menningu.

B: Já, að byggja okkur upp til að takast á við þennan óstöðuga veruleika, hvort sem hann varðar sambönd, störf, eða efnahag.

BERGLIND RÓS MAGNÚSDÓTTIR

Æ: Já, það verður mjög spennandi að fylgjast með rannsóknum ástarrannsóknafélagsins í framtíðinni. Berglind Rós Magnúsdóttir, bestu þakkir fyrir að koma í þetta spjall með okkur Torfa og hlustendum.

B: Takk.

Tilvísanir

¹ Greco-Christian term referring to love, „the highest form of love, charity“ and „the love of God for man and of man for God“